

**HEILBRIGÐISNEFND  
HAFNARFJARÐAR- OG KÓPAVOGSSVÆÐIS  
174. fundur –1. október 2012**

**Fundargerð**

Fundur var haldinn í heilbrigðisnefnd Hafnarfjarðar- og Kópavogssvæðis, mánudaginn 1. október 2012. Fundarstaður skrifstofa heilbrigðiseftirlitsins að Garðatorgi 7, Garðabæ. Fundurinn hófst kl. 17. Mættir voru undirritaðir nefndarmenn auk Páls Stefánssonar, heilbrigðisfulltrúa og Guðmundar H. Einarssonar, framkvæmdastjóra, sem ritaði fundargerð.

Fundargerð 173. fundar heilbrigðisnefndar frá 27. ágúst 2012 lögð fram.

**1 Fundargerð 152. starfsmannafundar frá 27. september 2012**

**1.1 Starfsleyfi**

**Garðabær**

**1.1.1 Holtsbúð 87, Garðabær – heimili með heimaþjónustu**

Lögð fram umsókn Ástu Þórarinsdóttur f.h. Sinnum ehf., kt. 550708-1160, dags. 1. október 2012, þar sem sótt er um leyfi fyrir rekstur heimilis með umfangsmikla heimaþjónustu að Holtsbúð 87, Garðabæ.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

**1.1.2 Lyngás 18, Garðabær - bakarí**

Lögð fram umsókn Önnu Björnsdóttur kt. 020559-5009, dags. 24.09.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kókugerðar að Lyngási 18, Garðabæ. Húshluti: 01 0201. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

**1.1.3 Miðhraun 2, Garðabær - líkamsræktarstöð**

Lögð fram umsókn Svanhildar Vigfúsdóttur, f.h. BBL II ehf., kt. 430611-2400, dags. 16.08.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs líkamsræktarstöðvar að Miðhrauni 2, Garðabæ. Með umsókn fylgir teikning sem lýsir fyrirhuguðu skipulagi húsnæðis. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

**1.1.4 Miðhraun 22b, Garðabær, steinsmiðja**

Lögð fram umsókn Magnúsar H. Magnússonar, f.h. Flintstone ehf., kt. 641008-2220, dags. 13.09.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs steinsmiðju að Miðhrauni 22b, Garðabæ. Húshluti: 02 0103. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 4 ára með fyrirvara um frágang mengunarvarna á fráveitu og að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

**1.1.5 Smiðsbúð 3, Garðabær - gistiheimili**

Lögð fram umsókn Frjálsa fjárfestingabankans hf., kt. 691282-0829, dags. 31.08.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs gistiheimilis að Smiðsbúð 3, Garðabæ. Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

**Hafnarfjörður**

Hafnarfjarðarbær
Innk: 3.10.2012
Málsnr: 1201175
Bréfal: 400

Hafnarfjarðarbær
Innk: 3.10.2012
Málsnr: 1210070
Bréfal: C22

1.1.6 Fornubúðir 5, Hafnarfjörður - fiskvinnsla

Lögð fram umsókn Sigurðar Jólssonar f.h. Iraco ehf., kt. 630106-1840, dags. 4.09.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskvinnslu að Fornubúð 5, Hafnarfirði. Ný starfsemi Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.7 Gjótuhraun 6, Hafnarfjörður, - framleiðsla á fræ- og baunaspirum

Lögð fram umsókn Katrínar Árnadóttur, f.h. Ábót íslensk fæðubót ehf., kt. 480169-7279, dags. 26.06.2012, þar sem sótt er um leyfi til framleiðslu á fræ- og baunaspirum að Gjótuhrauni 6, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvælareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.8 Hlíðarberg 2, Hafnarfjörður, - kennsluhúsnæði

Lögð fram umsókn Lindu Leifsdóttur f.h. Íþrótt- og tórnstundaráðs Hafnarfjarðar, kt. 590169-7579 þar sem sótt er um starfsleyfi fyrir fristundaheimili fyrir börn 6-9 ára börn að Hlíðarbergi 2, Hafnarfirði. Húshluti: 2. hæð Með vísun til hollustuháttareglugerðar er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.9 Hvaleyrarbraut 24, Hafnarfjörður, fiskverkun

Lögð fram umsókn Gunnars Ólafssonar, f.h. Ráfisks ehf., kt. 430505-0330, dags. 4.09.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs fiskvinnslu að Hvaleyrarbraut 24, Hafnarfirði. Húshluti: allt húsið. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.10 Melabraut 24, Hafnarfjörður – dreifing á umbúðum, hreinlætisvörum o.fl.

Lögð fram umsókn Baldurs Jóhannssonar f.h. Vörukompánís ehf., kt. 660107-0100, dags. 05.09.2012, þar sem sótt er um leyfi fyrir rekstur þjónustufyrirtækis með hreinlætisvörum og vörur sem koma í snertingu við matvæli að Melabraut 24, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0201. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar að lokinni úttekt.

1.1.11 Óseyrarbraut 12b, Hafnarfjörður, vörugeymsla

Lögð fram umsókn Ólafs Guðmundssonar, f.h. Eimskipafélags Íslands ehf., kt. 421104-3520, dags. 27.08.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs geymslusvæðis með frystigeymslum að Óseyrarbraut 12b, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101, 02 0101, 03 0101. Endurnýjun. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára og að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.12 Steinhella 5, Hafnarfjörður, endurnýting úrgangs

Lögð fram umsókn Hafþórs Sigurðssonar f.h. Málmar ehf., kt. 690609-1340, dags. 13.09.2012, þar sem sótt er um leyfi til endurnýtingu úrgangs að Steinhelli 5, Hafnarfirði. Ný starfsemi. Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykka notkun fasteignar.

1.1.13 Trönuhraun 10, Hafnarfjörður, hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Hildigunnar Gísladóttur, kt. 170869-5409, dags. 23.08.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs há- og naglasnyrtistofu að Trönuhrauni 10, Hafnarfirði. Húshluti: 01 0101 Ný starfsemi Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

## Kópavogur

1.1.14 Akralind 6, Kópavogur - pökkun hreinlætisvara

Lögð fram umsókn Friðgeirs Jónssonar f.h. MIQ ehf., kt. 420609-1400 dags. 18.09.2012, þar sem sótt er um leyfi til pökkunar efnavara fyrir matvælavinnslu að Akralind 6, Kópavogi. Húshluti: 01 0103 Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.15 Borgarholtsbraut 19, Kópavogur veitingaverslun

Lögð fram umsókn Hákonar Sigurbergssonar f.h. Álfabarna ehf., kt. 670812-1460, dags. 3.09.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veitingaverslunar með grillmat og issölu að Borgarholtsbraut 19, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.16 Elliðahvammur, Kópavogur pökkun á hunangi

Lögð fram umsókn Vigdísar H. Sigurðardóttur, kt. 200372-3019, dags. 7.09.2012, þar sem sótt er um leyfi til pökkunar á hunangi að Elliðahvammi, Kópavogi. Endurnýjun.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 6 mánaða.

1.1.17 Hamraborg 3, Kópavogur kaffihús

Lögð fram umsókn Kolbrúnar S. Guðmundsdóttur f.h. Sjávarferða ehf., kt.431204-3710, dags. 25.09.12, þar sem sótt er um leyfi til reksturs kaffihúss að Hamraborg 3, Kópavogi.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar og að lokinn úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.18 Lindasmári 20, Kópavogur - hársnyrtistofa

Lögð fram að nýju umsókn Sigríðar G. Karlsdóttur kt. 150359-4069 dags. 20.05.2011, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hárgreiðslustofu að Lindasmára 20, Kópavogi. Húshluti: 01 0101.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.19 Rjúpnasalir 1, Kópavogur – hársnyrtistofa

Lögð fram umsókn Brynjars Víðissonar f.h. Glamúr hársnyrtistofa ehf, kt. 461089-1869, dags. 18.09.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hársnyrtistofu að Rjúpnasölum 1, Kópavogi.

Húshluti.: 01 0102. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.20 Skemmuvegur 12, Kópavogi - sala á tilbúnum mat

Lögð fram umsókn Dóru Svavarsdóttur, fh. NAG ehf., kt. 510406-0360, dags. 13.09.2012, þar sem sótt er um leyfi til sölu á tilbúnum mat að Skemmuvegi 12, Kópavogi. Eigendaskipti.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.21 Skemmuvegur 12, Kópavogi - veisluþjónusta

Lögð fram umsókn Hilmars Þórs Harðarsonar, fh. Gamla eldhússins sf., kt. 60081-20920, dags. 17.09.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs veisluþjónustu að Skemmuvegi 12, Kópavogi.

Ný starfsemi.

Með vísun til ákvæða matvæla- og hollustuháttareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára.

1.1.22 Smiðjuvegur 68, Kópavogur - hjólbarðaverkstæði og smurstöð

Lögð fram umsókn Gunnars S. Gunnarssonar f.h. Sólningar ehf., kt. 700169-0149, dags. 13.09.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs hjólbarðaverkstæðis og smurstöðvar að Smiðjuvegi 68, Kópavogi. Breyting á starfsemi.

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára að lokinni úttekt heilbrigðisfulltrúa.

1.1.23 Vesturvör 30b, Kópavogur - verkstæði

Lögð fram umsókn Atla Sigurðssonar, f.h. Hraðbergs ehf., kt. 470700-2970, dags. 21.09.2012, þar sem sótt er um leyfi til reksturs þjónustuverkstæði fyrir lyftara að Vesturvör 30b, Kópavogi. Húshluti: 01 0101. Ný starfsemi

Með vísun til ákvæða mengunarvarnareglugerða er starfsleyfi samþykkt til 12 ára með fyrirvara um að starfsemin sé í samræmi við samþykktu notkun fasteignar.

1.2 **Umsagnir**

**Hafnarfjörður**

1.2.1 Kaplatriki, Hafnarfjörður – íþróttahús, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 24.09.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Fimleikafélags Hafnarjarðar, kt. 540169-2769, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir dansleik sem halda á í íþróttasal Kaplatrika, þann 29.09.2012 frá kl. 23.00 – 03.00. Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.2 Trönuhraun 10, Hafnarfjörður, gistiheimili, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Hafnarfirði dags. 13.09.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Lindabergs ehf., kt. 631105-0920, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir gistiheimili í flokki II að Trönuhrauni 10, Hafnarfirði.

Heilbrigðisnefnd samþykkti 27.08.2012 starfsleyfi til reksturs gistiheimilis skv. hollustuháttareglugerð. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt II. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemiinni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir gistiheimili." Jákvæð umsögn staðfest.

**Kópavogur**

1.2.3 Askalind 1, Kópavogur –fyrirtæki, tækifærisleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 28.08.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Öryggismiðstöðvar Íslands kt. 410995-3369, þar sem sótt er um tækifærisleyfi fyrir haustfagnað með tónleikum í tjaldi við Askalind 1, Kópavogi, þann 7.09.2012 frá kl. 17.00 – 22.00.

Jákvæð umsögn staðfest.

1.2.4 Hamraborg 3, Kópavogur, kaffihús, rekstrarleyfi

Lagt fram bréf sýslumannsins í Kópavogi dags. 24.09.2012, þar sem óskað er umsagnar á umsókn Sjávarferða ehf., kt.431204-3710, þar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir kaffihús í flokki II að Hamraborg 3, Kópavogi.

Eftirfarandi bókun var samþykkt:

"Heilbrigðisnefnd samþykkti 01.10.2012 starfsleyfi til reksturs kaffihúss skv. matvæla- og hollustuháttareglugerðum. Í fyrirliggjandi umsókn er sótt um rekstrarleyfi, samkvæmt II. flokki reglugerðar nr. 585/2007. Mat m.t.t. grenndaráhrifa er að ólíklegt verði að teljast, að hávaði frá starfsemiinni valdi ónæði í nágrenninu. Mælt er með veitingu rekstrarleyfis fyrir kaffihús."

1.3 **Tóbaksleyfi**

**Hafnarfjörður**

1.3.1 Dalshraun 17, Hafnarfjörður – varahlutaverslun

Lögð fram umsókn N1 hf., kt. 540206-2010 dags. 1.10.2012, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til tóbakssölu í verslun fyrirtækisins að Dalshrauni 17, Hafnarfirði. Leyfisveiting samþykkt.

1.3.2 Reykjavíkurvegur 58, Hafnarfjörður - verslun

Lögð fram umsókn Skeljungu hf., kt. 590269-1749, dags. 29.08.2012, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til tóbakssölu í þjónustustöð fyrirtækisins að Reykjavíkurvegi 58, Hafnarfirði. Leyfisveiting staðfest.

**Kópavogur**

### 1.3.3 Borgarholtsbraut 19, Kópavogur - veitingaverslun

Lögð fram umsókn Álfabarna ehf., kt. 670812-1460, dags. 3.09.2012, þar sem sótt er um nýtt leyfi til tóbakssölu í veitingaversluninni Álfnum að Borgarholtsbraut 19, Kópavogi. Leyfisveiting staðfest.

### 1.3.4 Smiðjuvegur 4a, Kópavogur - varahlutaverslun

Lögð fram umsókn N1 hf., kt. 540206-2010 dags. 1.10.2012, þar sem sótt er um endurnýjun á leyfi til tóbakssölu í verslun fyrirtækisins að Smiðjuvegi 4a, Kópavogi. Leyfisveiting samþykkt.

## 2 Fjárhagsáætlun 2013

Fjárhagsáætlun og starfsáætlanir ársins 2013 ræddar. Heilbrigðisnefnd leggur til að tímagjald verði kr. 10.000 og gjaldskrár breytt í ljósi þess. Samþykkt að senda tillögu að fjárhagsáætlun og gjaldskrár til afgreiðslu sveitarstjórna.

## 3 Óskilakettir

Lagt fram að nýju erindi Kópavogsbæjar dags. 13. júlí 2012, þar sem erindi Kattavinafélags Íslands, dags. 4. júlí 2012 er vísað til heilbrigðiseftirlitsins til úrvinnslu. Jafnframt óskar bæjarráð eftir því að heilbrigðiseftirlitið setji reglur um gjaldtöku vegna handsömunar og geymslu óskilakatta.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Heilbrigðisnefnd felur framkvæmdastjóra að undirbúa samning við Kattavinafélagið.“

## 4 Gögn vegna reksturs Hvamms ehf. Kópavogi

Lögð fram erindi Helgu Loftsdóttur hdl. frá 13. september 2012, 20. september 2012 og 25. september 2012 um afhendingu gagna varðandi rekstur Hvamms ehf. í Elliðahvammi, Kópavogi. Vísað er til úrskurðar Umhverfisstofnunar frá 4. júlí 2012 og rökstuðnings með honum.

Í úrskurðarorðum er ákvörðun heilbrigðisnefndar staðfest með svohljóðandi viðbótarákvæði: „Ef dreifa á fuglaskít á önnur lönd en þau sem rekstraraðili hefur til umráða skal vera fyrir hendi skriflegur samningur þess efnis. Skal samningurinn m.a. innihalda ákvæði um leigutíma, stærð lands, dreifingartíma og staðfestingu á móttöku til dreifingar. Hann skal einnig innihalda ákvæði um að hauggeymslur skuli uppfylla ákvæði reglugerðar nr. 804/1999 um varnir gegn mengun vatns af völdum köfnunarefnissambanda frá landbúnaði og öðrum rekstri og að reglugerðinni skuli að öðru leyti fylgt, m.a. vegna dreifingar áburðar frá starfsemi.“

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Heilbrigðisnefnd bendir á að í starfsleyfi Hvamms ehf. í Elliðahvammi eru skilyrði sem þarf að uppfylla og aflað verður gagna um í reglubundnu mengunarvarnaeftirliti sbr. ákvæði reglugerðar um mengunarvarnaeftirlit nr. 786/1999, með síðari breytingum. Er slík framkvæmd í samræmi við gögn málsins og málsmeðferðar reglur IX. kafla reglugerðarinnar og fyrri framkvæmd heilbrigðisnefndar við mat á því hvort skilyrðum starfsleyfa sé fullnægt.“

## 5 Frumvarp til efnalaga

Lagt fram erindi nefndarsviðs Alþingis frá 27. september 2012 þar sem óskað er umsagnar þingskjal 88. 88. mál, frumvarp til efnalaga. <http://www.althingi.is/altxt/141/s/0088.html>  
Helstu nýmæli í frumvarpinu eru þau að efnaeftirlit verði fært frá heilbrigðisnefndum sveitarfélaga til Umhverfisstofnunar.

Eftirfarandi bókun var gerð:

„Heilbrigðisnefnd lýsir stuðningi við endurskoðun löggjafar um eiturefni og hættuleg efni og vörutegundir sem innihalda slík efni. Markmið slíkrar endurskoðunar verður að vera að auka öryggi almennings og varað er við því að draga úr vægi heilbrigðiseftirlits þann hátt sem lagt er til í því sambandi“

## 6 Önnur mál

### 6.1 Matvælastofnun. Næringar- og heilsufullyrðingar

Lagt fram til kynningar afrit af bréfi Matvælastofnunar til Neytendasamtakanna frá 7. september 2012 varðandi kvartanir um næringar- og heilsufullyrðingar varðandi fæðubótarefni og önnur matvæli.

### 6.2 Umhverfis- og auðlindaráðuneyti. Úrskurður

Lagður fram til kynningar úrskurður Umhverfis- og auðlindaráðuneytis frá 4. september s.l. um að veitt sé undanþága frá ákvæðum reglugerðar um hollustuhætti fyrir daggæslu í gæsluvallarhúsi.

### 6.3 Atvinnu- og nýsköpunarráðuneyti. Úrskurður

Lagður fram til kynningar úrskurður Atvinnu- og nýsköpunarráðuneytis frá 5. septembers s.l. um að heilbrigðisnefnd sé falið opinbert eftirlit með framleiðslu Ora og veita leyfi samkvæmt ákvæðum 20. gr. matvælalaga.

### 6.4 Vesturvör 24 í Kópavogi

Lagt fram til kynningar erindi Jóhannesar Ásgeirssonar hrl. Frá 17. september 2012 þar sem leitað er eftir hjá ýmsum stofnunum, upplýsingum um eldvarnir í ofangreindu húsi og hver hafi heimilað starfsemi sem hafði töluverða eldhættu í för með sér án þess að ganga úr skugga um að eldvarnir væru með fullnægjandi hætti.

### 6.5 Matvælastofnun. Úttekt ESA á eftirliti með vörum sem koma í snertingu við matvæli

Lögð fram til kynningar erindi Matvælastofnunar frá ESA vegna heimsóknar í desember n.k. varðandi eftirlit með framleiðslu og notkun umbúða sem komast í snertingu við matvæli.

### 6.6 Fundir heilbrigðisnefnda

Reglulegir fundir heilbrigðisnefndar verða 29. október og 14. desember n.k.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 18:40

Guðmundur Sigurðsson

Margrét Halldórsdóttir

Gísli Gíslason

Steingrímur Steingrímsson

Jón Bjarni Þorsteinsson

Gísli Ó. Valdimarsson